




Reykjavík, 26. september 2024  
USK24080252

## Sigluvogur 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa /SM

Skoðuð er fyrirspurn Þórólfs Inga Þórssonar, dags. 26.08.2024, þar sem óskað er eftir að setja svalir á framhlið húss á lóð nr. 10 við Sigluvog sbr. tillögumynd sem fylgir erindi.



Framhlið húss



Skissa af fyrirhugðum breytingum



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 4, Laugardal, og er hluti af íbúðarsvæði / ÍB25

Deiliskipulag / HverfisSKIPulag: Ekki er til deiliskipulag fyrir lóðina. Vinnu við hverfisSKIPulag Laugardals er ekki lokið.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 10 við Sigluvog er íbúðarhús með þremur íbúðum. Fyrirhugaðar svalir eru ætlaðar íbúð á miðhæð, staðsettar yfir þvottahúsi í kjallara. Svalir á þessum stað



hafa ekki áhrif á birtuskilyrði í kjallaraíbúð né heldur veldur staðsetning þeirra innliti inn í íbúðir á aðliggjandi lóðum.

### **Niðurstaða**

Jákvætt er tekið í byggingu svala skv. fyrirspurn, að fengnu samþykki meðeigenda. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn berist hún.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Sigríður Maack  
arkitekt/verkefnastjóri